

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Selfossi, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 26. nóvember 1971 sbr. auglýsingu nr. 239/1971, sem birt var í B-deild Stjórnartíðnda.

Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

11. nóvember 1975.

Nr. 484.

AUGLÝSING

um breytingu á lyfjaverði.

Gefin hefur verið út ný vinnugjaldskrá nr. 2a/1975 við lyfjaverðskrá I frá 15. júlí 1975 og tekur hún gildi 15. nóvember 1975.

Samkvæmt vinnugjaldskrá þessari er hækkun vinnugjalda í lyfjaverðskrá I 13%, en afhendingargjald samkvæmt lyfjaverðskrá II verður kr. 90 í stað kr. 60.

Hækkun lyfjaverðs vegna hinnar nýju gjaldskrár telst vera 3.8%.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. nóvember 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

3. nóvember 1975.

Nr. 485.

Bréf menntamálaráðuneytisins um lágmarkseinkunnir til inngöngu í menntaskóla og framhaldsdeildir gagnfræðaskóla 1976.

Menntamálaráðuneytið hefur hinn 3. nóvember ritað skólastjórum allra skóla, er brautskrá nemendur með landsprófi eða gagnfræðaprófi, og skólastjórum menntaskóla og fjölbrautaskóla á þessa leið:

Ráðuneytið hefur ákveðið með vísun til 8. gr. reglugerðar nr. 383/1975, um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla, að eftirfarandi reglur um lágmarkseinkunnir til inngöngu í menntaskóla og framhaldsdeildir gagnfræðaskóla skuli gilda fyrir þá nemendur sem ljúka landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi vorið 1976:

- A. Til inngöngu í menntaskóla og hliðstæðar námsbrautir í öðrum skólum þarf öllum neðangreindum skilyrðum að era fullnægt:
 - a) Meðaleinkunn í samræmdum greinum verði 5,0 eða hærri;
 - b) Meðaleinkunn í skólaprófsgreinum verði 5,0 eða hærri;
 - c) Meðaltal meðaleinkunna (í a- og b-lið) verði 6,0 eða herra.
- B. Til inngöngu í framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, aðrar námsbrautir en falla undir A-lið, þarf öllum neðangreindum skilyrðum að vera fullnægt:
 - a) Meðaleinkunn í samræmdum greinum verði 4,5 eða hærri;
 - b) Meðaleinkunn í skólaprófsgreinum verði 4,5 eða hærri;
 - c) Meðaltal meðaleinkunna (í a- og b-lið) verði 5,5 eða herra.